

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands

haldinn í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal fimmtudaginn 15. maí kl. 20:00

Fundarmenn voru 114

Jóna Th. Viðarsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún minntist Ástrósar Gunnarsdóttur sem lést að morgni 14. maí. Jóna sagði að Ástrós hefði verið traustur starfsmaður HRFÍ og sinnt starfi sínu af kostgæfni. Ástrós hafði barist í marga mánuði við krabbamein. Jóna vottaði fjölskyldu Ástrósar dýpstu samúðarkveðjur. Jóna bað fundarmenn um að rísa úr sætum og minnast Ástrósar. Að því lokni bauð hún fundarstjóra velkominn.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað

Þorsteinn Þorbergsson var skipaður fundarstjóri og Sigríður Bílddal, fundarritari

Þorsteinn sagði að aðalfundarboð hefði verið birt í félagsblaði okkar, Sámi, sem fór í dreifingu 5. maí sl. og telst fundurinn því lögmætur.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður las skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt á vefsíðu HRFÍ. Guðríður lýsti starfi stjórnar á s.l. ári og nefndi stjórnarmenn. Þrjár fulltrúaráðsfundir voru haldnar á starfsárinu. Hundaræktarfélagið keypti húsnæði sem starfsemin hefur verið í ásamt hliðstæðu húsnæði á sama stað. Breyta þurfti húsnæðinu verulega og lagfæra og á meðan flutti starfsemi félagsins í Síðumúla 13. Flestar deildir hafa haldið ársfundi sína í nýju húsnæði og fulltrúaráðsfundir verið haldnar þar.

Nýr starfsmaður tók til starfa á árinu. Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir. Valgerður Júlíusdóttir hefur tekið að sér framkvæmdastjórnastarf hjá HRFÍ og hefur störf um miðjan júní. Aukning hefur verið í hvolpaskráningum, innflutningi og skráningu á sýningar. Ríflega 11000 hundar eru skráðar hjá félaginu. Fækkun hefur orðið í mjaðma- og olnbogamyndum. Tvær augnskoðanir voru á starfsárinu. Nýtt skráningarkerfi á vefsíðu verður tekið í notkun seinna á árinu sem auðveldar alla skráningu og er tengt við gagnagrunn félagsins. Uppbygging hundaskólans er í fullum gangi.

Skapgerðarmat var haldið 7 sinnum á árinu og fóru 62 hundar í mat. Nýir leikmenn og prófstjóri voru útskrifaðir á árinu.

Brons hlýðni var haldið þrisvar á árinu og eitt sporapróf. Fuglahundapróf voru sjö á starfsárinu og átta veiðipróf fyrir sækjandi fuglahunda. Dómarar voru bæði íslenskir og erlendir. Egill Bergmann hefur hlotið dómara réttindi fyrir standandi fuglahunda.

Stofnun vinnuhundadeildar hefur verið samþykkt. Verið er að vinna reglur fyrir deildina.

Þrjár hundasýningar voru á starfsárinu, ein meistarastigssýning og tvær alþjóðlegar sýningar. Fimm deildasýningar voru haldnar á árinu og komu að þeim 11 deildir. Ungir sýnendur hafa að mestu séð um sýningarþjálfun en hún er liður í fjáröflun fyrir deildina til að keppa á Norðurlandamóti ungra sýnenda. HRFÍ verður 40 ára á næsta ári og verður haldin sérstök afmælissýning í ágúst/september.

Á starfsárinu voru útskrifaðir þrjár hringstjórar eftir nýju námsefni. Sýningarreglum var breytt á starfsárinu en vinna er í gangi með að samræma sýningarreglur á öllum Norðurlöndunum.

Tveir sameiginlegir fundir norrænu hundaræktunarfélaganna voru haldnar á starfsárinu.

Fjölmörg námskeið og fyrirlestrar voru haldnar af félaginu á árinu. Margir erlendir fyrirlesarar sáu um að fjalla m.a. um arfgenga augnsjúkdóma, skapgerð hunda, meðhöndlun hunda með hegðunarerfiðleika og ræktunarnámskeið.

Spurningar úr sal. Unnar spurði hvort að löggiltur skjalapýðandi hefði þýtt bréf frá FCI varðandi dobermann Ísland. Svarið var að svo hefði ekki verið.

Spurt var hvort ekki mætti stytta lestur skýrslu þar sem félagsmenn hefðu yfirsýn yfir starfsemi félagsins. Ekki voru allir á eitt sáttir með það. Spurningar komu um vinnupróf.

Jóna svaraði fyrirspurnum og tók við ábendingum.

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar

Gunnlaugur Valtýsson, gjaldkeri fór yfir ársreikninga félagsins. Fyrir fundinum lágu rekstrar- og efnahagsreikningar ársins 2007 auk rekstraráætlunar fyrir árið 2008. Fyrirspurnir úr sal. Spurt um hlutabréf og lántöku, hver væri aukning verðgildis húsnæðisins frá því það var keypt og hver er veðsetning hússins. Þorsteinn svaraði þeim sem endurskoðandi félagsins. Stjórn óskað til hamingju með nýtt, glæsilegt húsnæði.

Reikningar bornir undir atkvæði. Samþykktir samhljóða.

4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar

Þorsteinn Þorbergsson, formaður siðanefndar flytur skýrslu nefndarinnar. Siðanefnd er kosin af aðalfundi ár hvert og starfar samkvæmt lögum félagsins. Siðanefnd heyrir ekki undir stjórn á nokkurn máta. Fyrir nefndinni liggja sex mál sem ekki er búið að loka og sum allt að 11 mánaða gömul og enginn úrskúrður kominn. Gæta þarf að andmælarétti þeirra sem aðild hafa að málum. Flest málin varða kærur einstaklinga í garð annarra. Nefndin fylgir lögum HRFÍ um starfið og leyfir aðilum að tjá sig um hvert mál og leitar sátta. Einn fundarmanna lýsti því yfir að málin væru orðin of gömul. Spurningar frá fundarmönnum um hve margir fundir hefðu verið haldnir og hvort hægt væri að lesa um málin.

Þorsteinn svaraði að eina sem væri opinbert væri úrskurðir nefndarinnar og að nefndin hefði haldið þrjá fundi á árinu en verið í sambandi í tölvupósti þess á milli. Nokkrir fundarmenn lýstu því yfir að þeir hefðu ekki fengið svör við sínum erindum og einn tjáði sig um að nauðsynlegt væri að hafa tímaramma fyrir málin. Þorsteinn sagði að málin sem bærust nefndinni væru ekki einföld og alltaf væri reynt að leita lausna fyrst. Hann lýsti síðan vinnureglum nefndarinnar.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil

Gunnlaugur Valtýsson, gjaldkeri fór yfir rekstraráætlun 2008. Spurt af hverju áætlað er að laun hækki svo mikið sem gert er ráð fyrir. Jóna svaraði því til að launahækkun hefði orðið í janúar og nú væri ný staða framkvæmdastjóra sem kæmi til í júní. Spurt hver væri annar rekstrarkostnaður. Jóna svarar að þar sé rekstur Sólheimakots, rafmagn, kostnaður augnskoðunarlækna, kostnaður v. ræktunarnafna og auglýsingaefni. Óskað var eftir að fá sundurliðun á rekstrarkostnaði. Jóna sagði að hægt væri að birta sundurliðaða reikninga á vefsíðu félagsins.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlun undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

6. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir

7. Kosning stjórnarmanna skv. 10. gr.

Fundarstjóri fór yfir lög félagsins varðandi kosningu stjórnarmanna. Fleiri framboð hafa ekki borist og eru því stjórnarmenn sjálfkjörnir.

Úr stjórn ganga:

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður,

Valgerður Júlíusdóttir, ritari,

Ástrós Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Í framboði í stjórnarkjöri:
Guðríður Þ. Valgeirsdóttir í aðalstjórn
Valgerður Júlíusdóttir í aðalstjórn
Friðrik Lunddal Gestsson í varastjórn

Friðrik Lunddal Gestsson kynnti sín sjónarmið sem nýr stjórnarmaður

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

Neðangreindir gefa kost á sér í endurkjöri:

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir

Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir

Fundarstjóri spurði hvort að fleiri framboð væru. Svo var ekki og skoðunarmenn og varmenn sjálfkjörnir.

9. Kosning siðanefndar

Neðangreindir aðilar gefa kost á sér:

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Kristín Jónasardóttir

Þorsteinn Þorbergsson

Þórdís Bjarnadóttir

Kristín Sveinbjörnsdóttir

Fundarstjóri spurði hvort að fleiri gæfu kost á sér. Svo var ekki og siðanefnd því sjálfkjörin.

10. Önnur mál

Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulíð, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar en ekki til ákvörðunar.

a) Tvær tillögur hafa borist frá Guðríði Magnúsdóttur: (20. apríl og 4. maí)

Tillaga 1:

„Að tekinn verði upp utankjörfundarathvæðagreiðsla fyrir þá sem ekki eiga heimangengt vegna kosninga á aðalfundi HRFÍ og að tillagan fái frekari útfærslu hjá stjórn HRFÍ.,

Greinargerð með tillögu 1: „Þetta er félag allra hundeigenda, eins og félagið segir sjálft og ekki eiga allir heimangengt til að geta nýtt athvæðarétt sinn, og í lýðræðisfélagi sem ríkir á landsvísu þá á þetta ekki að vera nema sjálfagt mál að koma þessu í framkvæmd hvort sem notast verði við netkosningar eða bréfkosningar eða eitthvað betra”

Fundarstjóri spurði hvort að Guðríður væri á staðnum. Svo var ekki. Fundarstjóri las tillöguna ásamt greinargerð. Hann fór síðan yfir lög félagsins þar sem stendur að atkvæðagreiðsla sé með handauppréttingu og ekki sé hægt að greiða atkvæði í umboði annars.

Fundarstjóri opnaði síðan fyrir umræður.

Skiptar skoðanir voru um málið og töldu margir að fólk sem vildi greiða atkvæði þyrfti að mæta á aðalfund. Það var einnig talið að þetta geti verið tæknilega erfitt. Bent var á að samþykkt hefði verið að halda aðalfund á laugardegi.

Fundarstjóri sagðist skilja þetta viðhorf að landsbyggðin vildi hafa áhrif á mótun félagsins en lögin væru skýr hvað þetta varðar. Nú eru 120-130 manns á fundinum en um 70 í fyrra þegar fundurinn var haldinn á laugardegi. Hann benti á að efla þyrfti vefsíðu félagsins og tæknilega

væri ekki hægt að framkvæma þetta. Fram kom umræða um að erfitt væri að sækja vinnupróf, skapgerðarmat eða sýningar ef viðkomandi væri búsettur úti á landi. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði og fleiri voru á móti heldur en með og tillagan því felld.

Tillaga 2:

„Að allar fundagerðir hvort sem er hjá stjórn HRFÍ eða deildum félagsins og hvort sem um er að ræða félagsfundi eða aðalfundi verði aðgengilegar félagsmönnum á heimasíðu félagsins og deildanna”

Formaður hefur rætt lagalega hlið málsins og sagði að félagsmenn ekki almennt hafa aðgang að fundargerðum. Lögfræðilegt álit er að stjórn gæti birt bókanir og annað sem hægt er að birta. Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu.

Í umræðunni kom fram að stjórn væri treyst til að birta niðurstöður stjórnarfunda. Óskað var eftir að fundargerðir yrðu birtar á vefsíðu félagsins.

Jóna benti á að niðurstöður fulltrúafundar væru alltaf birtar á vefsíðu félagsins. Þar væru upplýsingar um hvað er að gerast hjá félaginu.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt með fimm mótatkvæðum.

b) Stofnun deilda:

Formaður kynnti tillögur um stofnun deilda og að samhliða yrði úrvalsdeild lögð niður. Hún benti á að boða þurfi til ársfundar deildar innan mánaðar frá stofnun hennar. Til fundarins skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á vefsíðu félagsins og heimasíðu deildarinnar. Undirbúningshópurinn boðar til stofnfundarins. Á fyrsta ársfundi nýrrar deildar skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo til eins árs.

Lögð er fram tillaga að stofnun sérdeildar, **Vorsteheild**, fyrir hunda af vorstehkyni.

Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og Vísindanefnd HRFÍ.

Fimm manna undirbúningsnefnd skipa:

Einar Páll Garðarsson, Einar Hallsson, Bergþór Antonsson, Rafnkell Jónsson og Kjartan Antonsson.

Lögð er fram tillaga að stofnun sérdeildar, **Boxerdeild**, fyrir hunda af boxerkyni.

Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og Vísindanefnd HRFÍ.

Fimm manna undirbúningsnefnd skipa:

Inga Björk Gunnarsdóttir, Þröstur Ólafsson, Unnur Huld Hagalín, Tinna Rán Sölvadóttir og Þórdís Sigurðardóttir

Lögð er fram tillaga að stofnun sérdeildar, **Shih Tzudeild**, fyrir hunda af Shih Tzukyni.

Tillagan er studd af stjórn HRFÍ og Vísindanefnd HRFÍ.

Fimm manna undirbúningsnefnd skipa:

Soffía Kwaszenko, Susanna Antonsdóttir, Aðalsteina Gísladóttir, Jóhanna Hákonardóttir og Bryndís Kjartansdóttir

Lögð er fram tillaga um að **Úrvalsdeild verði lögð niður** og stofnaðar þrjár safndeildir í staðinn:

Grefil- og þefhundadeild (hundar úr tegundahópi 4 og 6)

Fimm manna undirbúningsnefnd skipa: Edda B. Ólafsdóttir, Margrét G. Andrésdóttir, Kolbrún Karlsdóttir, Harpa Ýr Erlendsdóttir og Jóhanna Hákonardóttir

Spitzhundadeild ((hundar úr tegundahópi 5)

Fimm manna undirbúningsnefnd skipa: Agnes Sigurðardóttir, Tryggvi Erlingsson, Ásta B. Pétursdóttir, Stefán Árnason og Kata Óðinsdóttir

Pincher, mastiff og fjallahundadeild (hundar úr tegundahópi 2)

Fimm manna undirbúningsnefnd skipa: Guðný Vala Tryggvadóttir, Ragnhildur Gísladóttir, Berglind A. Zoega, Eyrún Steinsson og Líf Kjartansdóttir

Fundarstjóri las úr lögum félagsins um stofnun deilda. Síðan opnaði hann fyrir umræður.

Ýmsar fyrirspurnir bárust m.a. hvort ekki þyrfti að eiga hund af viðkomandi hundakyni til að vera í stjórn deildar, hvort pincher deild væri safndeild eða hópdeild.

Jóna svaraði að hægt sé að vera í undirbúningsnefnd en þeir sem fara í stjórn þurfi að eiga hund af viðkomandi hundakyni og að pincher deildin væri safndeild.

Ábending kom fram hjá nokkrum um að það ætti að hafa samband við eigendur tegunda áður en deild væri stofnuð. Jóna sagði að ef það ætti að vera þá þyrfti að breyta reglugerðinni um stofnun deilda. Allar nefndar deildir væru stofnaðar samkvæmt reglum félagsins.

Björn Ólafsson benti á að þetta væri frábært framtak hve margir vildu starfa fyrir félagið. Fundarmenn tóku undir það.

Fundarstjóri benti á að ræktunardeild væri að hugsa um framgang tegundarinnar sem slíkrar.

Nokkrar umræður voru um vorsteh deildina og bent á að hún væri vel sett innan fuglahundadeildar, ábending um að þeir einir kjósi sem eigi viðkomandi tegund og að eingöngu væri verið að samþykkja stofnun deildar en ekki að stofna deild. Það gerði fólk á stofnfundinum.

Fundarstjóri benti á að hægt sé að leggja niður ræktunardeildir ef deildin fer fram á það skriflega og að stjórn getur lagt niður deild ef engin virkni væri í henni.

Fundarstjóri bar upp tillögur um að leggja niður úrvalsdeild og stofnun allra deilda nema vorsteh deildar. Samþykktar samhljóða.

Fundarstjóri opnað síðan fyrir umræður um vorsteh deild.

Hallvarður Níelsson sagði mikinn kurr um þetta mál og lagði til að þetta væri lagt í salt í eitt ár. Aðrir voru á því að bera ætti tillöguna upp þar sem hún hefði verið lögð fram. Stofnfundur myndi síðan ákveða hvort deildin yrði að veruleika eða ekki.

Jóna sagðist hafa verið talsmaður þess að ef hundakyn telur sig hafa burði til að stofna deild þá eigi að gera það. Hún sagði að ef vorsteh hundaeigendur stofnuðu deild þá kannski leysti það deilur innan fuglahundadeildar.

Fundarstjóri bar upp tillögu um stofnun vorsteh deildar. Samþykkt með 47 atkvæðum gegn tveimur.

d) Ályktun

Björn Ólafsson lagði fram ályktun Hundaræktarfélag Íslands sem hljóðar svo: Hundaræktarfélag Íslands hvetur landbúnaðarráðherra til að hefja án tafar endurskoðun á núgildandi reglum um innflutning á hundum (gæludýraum) til landsins þar sem leitast verður við að leggja nákvæmt mat á þá smithættu sem kanna að vera til staðar í dag og um leið skoða hvort aðrar varnaraðgerðir en einangrun geti gert ama gagn við að hamla útbreiðslu dýrasjúkdóma. Samþykkt samhljóða.

e) Ýmsar fyrirspurnir og umræður

Spurt var um ættbækur og hvers vegna þetta tæki svo langan tíma. Jóna sagði að skrifstofan hefði verið falið og mikil ættbókarskráning. Þetta stæði til bóta með nýju kerfi þar sem fólk gæti skráð sjálf inn ættbækur.

Klara las upp bréf (fylgiskjal) sem hún hafði sent stjórn HRFÍ. Hún óskaði eftir því að vita hvort að stjórn gæti aðstoðað við að ná hvolpi til baka og getur stjórn vísað málinu til síðanefndar ef hún svo kys. Fundarstjóri staðfesti að þetta mál væri fyrir síðanefnd.

Magnús Jónatansson sagði að vel hefði verið tekið í húsnæðis kaup á síðasta aðalfundi. Félagið hefur áhuga á að eignast annað húsnæði þar sem hægt væri að vera með vinnu og litlar sýningar. Í Víðidal eru til lóðir undir slíkt húsnæði. Í fyrra var rætt um það að hver félagsmaður myndi greiða kr. 2000-2500 inn á hússjóð á ári í þrjú ár. Ef 65% félagsmanna myndu taka þátt þá væri hægt að stækka húsnæðiseign félagsins. Magnús sagðist leggja sjálfur eina milljón króna í sjóðinn og vonast til að félagsmenn taki gíróseðlinum vel.

Elín spyr hvort að það samræmist lögum og reglum að Valgerður verði framkvæmdastjóri og sitji jafnframt í stjórn félagsins.

Jóna svaraði því til að engar reglur væru til. Valgerður væri ráðin til eins árs til að móta starfið.

Ragnar Sigurjónsson óskaði stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði Magnúsi fyrir þennan stórhug. Hann sagði að Sámur væri mjög gott blað og hvatti félagsmenn til að setja inn efni.

Auður Valgeirs þakkar stjórn félagsins fyrir vel unnin störf og fagnar því að Valgerður verði framkvæmdastjóri og tilbúin að sitja í stjórn. Þakkar Magnúsi fyrir hans framlag.

Bára ítrekaði með kærur til síðanefndar. Sendi inn kæru vegna þess að ræktendur sem sækja um ræktunarnafn hjá HRFÍ eru jafnframt að rækta í hundaræktarfélaginu REX.

Spurning kom fram varðandi nýsamþykktar deildir og hvernig verður með mjaðma- og olnbogamyndatökur. Einnig var spurt um vinnuhundadeild og verksvið hennar.

Jóna svarar að hlutverk vinnuhundadeildar hafi verið ákveðið á fulltrúaráðsfundi og reglur hafa verið settar á vefsíðu.

Guðrún Hafberg óskar Valgerði til hamingju með nýja starfið og Friðriki til hamingju með stjórnarstarfið. Hún er í sýningarstjórn og vill benda fólki á að breyta heimilisfangi til að sýningarnúmer berist á réttan stað.

Ábending um að ekki berist svör frá félaganu varðandi skráningar á námskeið og fyrirspurnir.

Fundarstjóri sagði að tveir jákvæðir þættir hefðu orðið í starfsemi félagsins þ.e. húsnæði og að Jóna hefði borið starfið á herðum sér. Fundarmenn stóðu upp og hylltu Jónu. Hitt málið er að ekki er hægt að byggja upp á sjálfboðaliðastarfi endalaust og ráðning framkvæmdastjóra er liður í að breyta þessu. Framkvæmdastjóri ætti að hafa seturétt í stjórn en ekki atkvæðarétt. Hann leggur til að Valgerður segi sig úr stjórn þegar hún taki við stöðu framkvæmdastjóra. Engar reglur eru til um þetta.

Jóna þakkaði Þorsteini fyrir góða fundarstjórn og Sigríði fyrir fundarritun og býður nýjan stjórnarmann velkominn. Hlakkar til samstarfs við nýja stjórn og félagsmenn. Þakkar fyrir góðan fund og málefnalega umræðu.

Fundi slitið kl. 23:20

Sigríður Bílddal